

**UTANRÍKISRÁÐHERRA
GEIR H. HAARDE**

**Ávarp í kvöldverði hjá fransk-íslenska viðskiptaráðinu
París, 21. mars 2006**

Góðir áheyrendur

Það er mér sönn ánægja að því að fá þetta tækifæri til að ávarpa la Chambre de Commerce franco-islandaise.

Á undanförnum misserum hafa aukin umsvif íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum mörkuðum vakið áhuga umheimsins. Íslendingar hafa verið að hasla sér völl víða um heim, einkum í fjármálastarfsemi, hátækni,- lyfja,- smásölu- og matvælageirunum. Þannig starfa nú a.m.k. 104 þúsund manns víða um heim hjá fyrirtækjum utan Íslands í eigu íslenskra fjárfesta. Þetta er um 25% aukning á aðeins einu ári og einkar há tala ef haft er í huga að vinnumarkaðurinn á Íslandi telur aðeins um 165 þúsund manns.

Lyfjafyrirtækið Actavis er t.d. í dag eitt af fimm stærstu fyrirtækjum í heimi í framleiðslu samheitalyfja, með 10 þúsund starfsmenn í um 30 löndum. Össur hf. er annar stærsti stoðtækjaframleiðandi í heimi með um 940 starfsmenn á ellefu starfsstöðvum og berast sífellt fréttir af því hvernig gervilimir frá Össuri hafa bætt líf þeirra einstaklinga sem þurfa á búnaðinum að halda.

Sum þessara fyrirtækja hafa lagt sérstaka áherslu á Frakkland, einkum fyrirtæki í framleiðslu sælkeraréttá í sjávarútvegi – enda kunna Frakkar vel að meta góðan mat! Hér í Frakklandi kannast líklega flestir við vörumerki eins og Alfesca, Delpierre, Labeyrie og Blini. Fyrirtækið Alfesca er leiðandi í Evrópu hvað varðar saltfisk, gæsaliður, skelfisk, blini, tartinables og önnur matvæli. Samtals starfa 3.700 manns hjá fyrirtækinu, þar af 2.500-3.300 hér í Frakklandi.

Þá hafa Íslendingar einnig fjárfest hér í Frakklandi í fjármálageiranum, verkfræði- og ráðgjafarstarfsemi, sem og í loftflutningum. Félagið Avion Group festi t.d. nýlega kaup á Star Airlines, sem er næststærsta flugfélagið hér í leiguflugi. Alls eru nú 59 Boeing og Airbus flugvélar í flugi fyrir Avion Group og eru starfsmenn félagsins um 4.500 talsins, á 85 starfsstöðvum víðs vegar um heiminn.

Það skyldi engan undra að þessi útrás vekir spurningar sérstaklega þar sem hún kemur frá lítilli þjóð á útjaðri Evrópu sem fram til þessa hefur sjaldan borið á góma á erlendum fjármálamörkuðum. Hvaðan kemur fjármagnið til að standa í slíkum fjárfestingum? Hvernig stendur á því að þetta gerist nú?

Stöldrúm fyrst við síðari spurninguna: Hvað hefur valdið þessari kraftmiklu framrás íslenskra fyrirtækja og athafnamanna á erlenda markaði?

Hér koma til breyttar aðstæður bæði í íslensku og alþjóðlegu efnahags- og viðskiptaumhverfi. Víkjum fyrst að þeim breytingum sem orðið hafa á

alþjóðavettvangi. Líklega er þeim best lýst með einu orði – *hnattvæðing*. Það er orðið sífellt auðveldara fyrir fyrirtæki að hasla sér völl á mörkuðum fjarri heimalandi sínu – og það á einnig við um íslensk fyrirtæki. Þátttaka Íslands í Evrópska efnahagssvæðinu hefur og skipt miklu. Ísland hefur verið aðili að innri markaðnum frá árinu 1994 þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gekk í gildi.

Fyrir aðildina að EES voru enn umtalsverðar takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi, enn voru nokkur höft á gjaldeyrisviðskiptum, inn- og útflutningur var enn að nokkru leyti leyfis skyldur og möguleikar erlendra fyrirtækja til að hefja starfsemi á Íslandi, t.d. í fjármálageiranum, sættu enn miklum hömlum. Aðild okkar að EES-samningnum greiddi fyrir því að horfið var frá þessum hömlum um leið og hann tryggði aðild Íslands að innri markaðnum.

Stækkun Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins fyrir tveimur árum, ásamt næsta stækkunaráfanga með aðild Búlgaríu og Rúmeníu sem áætlaður er á næsta ári, auka enn tækifærin.

Ísland hefur einnig lagt ríka áherslu á að gera tvíhliða samninga við önnur ríki á viðskiptasviðinu. Þátttaka Íslands í EFTA-samstarfinu hefur gert okkur kleift að vera þátttakendur í ört vaxandi neti fríverslunarsamninga EFTA-ríkjanna, sem nær nú til 14 ríkja. Á undanförunum árum höfum við einnig beint athyglinni í vaxandi mæli að nýjum og ört vaxandi mörkuðum, einkum í Asíu. Þannig opnaði Ísland nýlega sendiráð í Nýju Delhí á Indlandi og er eitt helsta markmiðið með því að greiða fyrir auknum viðskiptum milli Íslands og Indlands. Fyrir í þessum mánuði hófust viðræður milli Íslands og Kína um að kanna hagkvæmni þess að gera fríverslunarsamning á milli ríkjanna.

Öll hafa þessi skref verið stigin með það að markmiði að gera íslenskum fyrirtækjum og athafnafólki auðveldara að finna nýja markaði og grípa ný tækifæri í hnattvæddum heimi. Vissulega hefur áherslan mest verið á markaði okkar í Evrópu – enda vega viðskiptin við Evrópu um 70 af hundraði af utanríkisviðskiptum Íslands.

Víkjum þá að breytingum sem gerðar hafa verið á íslensku efnahagslífi.

Markvisst hefur verið unnið að því að auka frjálsræði í viðskiptum og draga úr umsvifum hins opinbera í atvinnulífinu. Síðastliðin 15 ár hefur verið lögð áhersla á að gera varanlegar ráðstafanir til að styrkja hagvöxt á Íslandi. Ríkisstjórnin hefur bætt lagaumhverfi fyrirtækja til muna, vinnumarkaður er sveigjanlegur og á Íslandi er öflugt lífeyrissjóðakerfi sem byggist á sjóðssöfnun.

Það eru aðeins fáein ár síðan tveir af þremur stærstu viðskiptabönkum landsins voru í eigu ríkisins. Ríkisstjórnin hefur selt bankana á markaði og við þá breytingu var leyst úr læðingi þekking og fjármagn sem hefur nýst til uppbyggingar og útrásar íslenskra fyrirtækja. Vöxtur í fjármálaþjónustu hefur verið hraður, aðgangur fyrirtækja og einstaklinga að fjármagni hefur aukist og vextir lækkað. Sömu sögu er að segja um stærsta símafyrirtækið, það hefur verið selt og hefur söluandvirði bankanna og símafyrirtækisins verið nýtt til að bæta stöðu ríkissjóðs, meðal annars með lækkun skulda. Sterk staða ríkissjóðs hefur leitt til þess að vaxtagjöld ríkisins hafa lækkað og fénu m.a. verið varið til þess að efla mennta- og velferðarkerfi landsins.

Hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar var að lækka og einfalda tekjuskatta fyrirtækja en skatthlutfallið var lækkað úr 33% árið 1995 í 18% árið 2002, en þess má og geta að tekjuskattar fyrirtækja voru 50% árið 1990. Einnig voru skattar á fjármagnstekjur samræmdir og er nú lagður 10% flatur skattur á vaxtatekjur, arðgreiðslur og aðrar fjármagnstekjur. Við þessar breytingar styrktist efnahagsstarfsemin verulega með aukinni veltu og hagvexti með þeim afleiðingum að tekjur ríkisins af tekjusköttum fyrirtækja og fjármagnstekjum jukust verulega.

Tekjuskattur einstaklinga hefur einnig lækkað, erfðafjárskattar hafa verið lækkaðir og samræmdir og eignarskattar (net wealth tax) hafa verið lagðir af. Þannig hefur tekjuskattshlutfall einstaklinga til ríkisins lækkað úr 24,75% árið 1995 og verður 21,75% árið 2007. Sérstakur hátekjuskattur var felldur niður en hann nam 7% af tekjum árið 2002.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að minnka hratt skuldbindingar ríkisins með því að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisstarfsmanna, safna inneignum á reikningi hjá Seðlabanka Íslands og með beinni niðurgreiðslu skulda. Árið 1995 námu heildarskuldir ríkisins 52,3% af vergri landsframleiðslu, en árið 2006 er hlutfallið áætlað 17,8%. Á sama tíma hafa hreinar (nettó) skuldir ríkisins lækkað úr 35% af VLF í 5,6%. Sterk staða ríkissjóðs og sterk staða lífeyriskerfisins, sem nú á eignir sem nema um 120% af vergri landsframleiðslu til að mæta lífeyrisgreiðslum framtíðarinnar, hafa leitt til þess að erlend matsfyrirtæki hafa gefið ríkissjóði góða lánsþéttiseinkunn.

Mikill og ör hagvöxtur og auðveldur aðgangur að lánsfé, með fjárfestingum íslenskra fyrirtækja í útlöndum og fjárfestingu erlendra fyrirtækja í áliðnaði á Íslandi, hefur reynt á þanþol efnahagslífsins.

Þannig hefur einkaneysla vaxið hröðum skrefum með vaxandi kaupmætti ráðstöfunartekna, húsnæðisverð hefur hækkað og viðskiptahalli aukist. Fjárfestingar vegna vatnsaflsvirkjana og áliðnaðar og lántökur fyrirtækja vegna uppbyggingar og fjárfestingar skýra þó stóran hluta viðskiptahallans. Erlendar skuldir einkaaðila hafa því vaxið hröðum skrefum á meðan skuldir ríkisins hafa lækkað ört. Verðbólga hefur þó verið lág mælt með samræmdri vísitölu í EES ríkjunum, þannig er verðbólga á Íslandi síðasliðna 12 mánuði 1,2% en er á sama tíma 2,2% að meðaltali innan ESB. Bæði hefur gengi krónunnar styrkst og Íslendingar notið góðs af sameiginlegum vinnumarkaði EES ríkjanna með innflutningi vinnuaflds við byggingarvinnu og stóriðjuframkvæmdir.

Gert er ráð fyrir að þegar framkvæmdum við álver og virkjanir lýkur dragi úr eftirspurn, viðskiptahalli minnki vegna minni einkaneyslu og minni innflutnings fjárfestingarvöru og að innflutningstekjur aukist með auknum útflutningstekjum fyrirtækjanna af áli.

Ríkisstjórnin hefur þó vakandi auga með efnahagsmálunum og mun gera viðeigandi ráðstafanir ef eftirspurn innanlands verður áfram mikil á næsta ári. Þegar litill er fram á við er staða ríkissjóðs og efnahagslífsins sterk og atvinnuástand gott. Lækkun skatta, einkavæðing og bætt umhverfi atvinnulífsins auk öflugs lífeyrissjóðskerfis er grunnurinn að þeirri stöðu.

Önnur mikilvæg forsenda fyrir árangri íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði er íslenska menntakerfið. Jafnframt því að veita Íslendingum góða menntun hvetur kerfið þá sem hafa getu og vilja til að halda menntun áfram erlendis. Fjöldmargir Íslendingar hafa gert það, oft árum saman, og koma ekki aðeins með staðgóða menntun með sér heim, heldur einnig með sambönd og persónulega reynslu, sem nýtist afar vel í útrásinni.

Aukin fjárfesting í rannsóknum og þróun hefur leitt af sér tvær meginstaðreyndir. Í fyrsta lagi eru Íslendingar nú í fararbroddi að því er varðar framlag til rannsókna og þróunar í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu (3%), og í öðru lagi hefur hlutdeild fyrirtækjanna í þessari fjárfestingu snúist við. Hann var fyrir nokkrum árum 30% en er nú 65%. Á sama tíma hefur ríkið aukið sitt framlag og er það 1% af þjóðarframleiðslu sem er hátt í alþjóðlegum samanburði.

En víkjum þá að síðari spurningunni sem ég setti fram - hvaðan kemur það fjármagn sem staðið hefur undir stóráuknum fjárfestingum íslenskra fyrirtækja og athafnafólks um allan heim á síðustu áratugum. Við þeirri spurningu er vitaskuld ekki einhlítt svar, enda geta fjárfestar í dag valið á milli margvíslega leiða til að fjármagna fjárfestingar sínar í dag. Sterk fyrirtæki eiga ótal möguleika á lánamarkaði og eru íslensk fyrirtæki þar ekkert undanskilin.

En í svörum við þessari spurningu hefur oft verið litið fram hjá mikilvægi íslenska lífeyrissjóðskerfisins fyrir íslenskt efnahagslíf og þá sérstaklega útrás íslenskra fyrirtækja. Eins og ég nefndi áður, þá byggir íslenska lífeyrissjóðakerfið á fullri sjóðssöfnun. Þetta þýðir að í hverjum mánuði leggja launþegar og vinnuveitendur til hlíðar fé sem lífeyrissjóðunum er ætlað að ávaxta. Af þessum sökum stendur lífeyrissjóðskerfið á Íslandi í dag ekki frammi fyrir sama vanda og eftirlaunakerfi margra ríkja í Evrópu. Lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli litið til áhugaverðra fjárfestingakosta erlendis og þannig hefur íslenska lífeyrissjóðskerfið átt stóran þátt í vaxandi athöfnum íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi.

Góðir áheyrendur,

Ég er sannfærður um að aukin umsvif íslensks athafnafólks erlendis séu byggð á traustum undirstöðum. Vitaskuld er ekki hægt að búast við öðru en að einhver mistök verði gerð og eðli málsins samkvæmt skila ekki allar fjárfestingar arði. Þeir sem taka áhættu verða að vera undir það búnir að bera tap – rétt eins og þeir njóta ávinningsins. En það breytir ekki því að það efnahagslega umhverfi sem fyrirtækjum hefur verið búið á Íslandi er með því besta sem þekkist. Alþjóðlegar mælingar sýna að Ísland skipar fjórða sæti þegar samkeppnishæfni ríkja er mæld og vegin. Þá skipar Ísland annað sætið í mælingum á lífskjörum meðal þjóða veraldar og er það land þar sem minnst spilling fyrirfinnst. Vitaskuld ber að taka allan slíkan alþjóðlegan samanburð með fyrirvara. Eigi að síður gefur hann vísbendingu um að á Íslandi fyrirfinnist þróttmikið efnahagslíf sem er fyllilega í stakk búið að mæta þeim kröfum og nýta þau tækifæri sem óneitanlega fylgja því að búa í hnattvæddum heimi.

Ég vil að lokum þakka ykkur þann heiður að fá að ávarpa ykkur hér í kvöld og óska ykkur áframhaldandi velgengni í störfum ykkar í þágu íslenskra og franskra viðskipta.